

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 66/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/98 frá 27. mars 1998⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 um breytingu og uppfærslu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

Ýmsa aðlögunarliði við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71 og við reglugerð ráðsins (EB) nr. 574/72 ber að endurskoða og leiðrétta.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 19.11.1998, bls. 152.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1.

1. gr.

1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Í stað allra undirliðanna á undan aðlögunarliðunum sem fela í sér orðin „eins og hún var leiðrétt og endurskoðuð með.“ og „og síðar breytt með.“ komi eftirfarandi:

„eins og henni var breytt og hún uppfærð með:

- **397 R 0118:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 (Stjtið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1).“

2. Texti aðlögunarliða c) og g) falli niður.
3. a-liður undir fyrirsögninni „Q. LIECHTENSTEIN“ í aðlögunarlið m) falli niður og b-, c-, d- og e-liður verði a-, b-, c- og d-liður.
4. Í stað orðanna „Enginn samningur.“ undir fyrirsögninni „116. ÍSLAND - AUSTURRÍKI“ í aðlögunarlið n) komi „Engin.“
5. Í stað orðanna „Enginn samningur“ undir fyrirsögninni „116. ÍSLAND - AUSTURRÍKI“ í aðlögunarlið o) komi „Ákvæði 4. gr. sammingsins um félagslegt öryggi frá 18. nóvember 1993.“

2. gr.

2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Í stað allra undirliðanna á undan aðlögunarliðunum sem fela í sér orðin „eins og hún var leiðrétt og endurskoðuð með.“ og „og síðar breytt með.“ komi eftirfarandi:

„eins og hún var uppfærð með:

- **397 R 0118:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 (Stjtið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1).“

2. Í stað orðsins „Engin.“ undir fyrirsögninni „149. NOREGUR - AUSTURRÍKI“ í aðlögunarlið g) komi „Samkomulag frá 17. desember 1996 um endurgreiðslur á kostnaði vegna aðstoðar á sviði félagslegs öryggis.“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 118/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner